

REGLUGERÐ

um húsfriðunarsjóð.

1. gr.

Húsfriðunarsjóður skal stuðla að varðveislu og viðhaldi friðaðra húsa og annarra mannvirkja sem húsfriðunarnefnd telur hafa menningarsögulegt og listrænt gildi. Framlög ríkissjóðs og sveitarfélaga sbr. 46. gr. þjóðminjalaga skulu renna í sjóðinn fyrir maímánuð ár hvert. Varsla og reikningshald húsfriðunarsjóðs skal vera í höndum Landsbanka Íslands samkvæmt samkomulagi sem menntamálaráðuneytið gerir við bankann þar að lútandi.

2. gr.

Húsfriðunarnefnd úthlutar styrkjum úr húsfriðunarsjóði til viðgerða húsa, sem hún metur styrkhæf. Þá getur nefndin ákveðið að verja fé til verkefna er stuðla að varðveislu íslensks byggingararfs, til rannsókna á honum og útgáfu rita þar að lútandi. Úthlutun styrkja skal að öðru jöfnu fara fram í maí ár hvert samkvæmt umsóknum.

3. gr.

Auglýsa skal eftir umsóknum til húsfriðunarsjóðs í dagblöðum, Lögbirtingablaði og Sveitarstjórnarmálum. Auglýsingar skal birta í janúarmánuði ár hvert. Umsóknir skulu greinilega bera með sér til hvers og hvernig umsækjandi hyggst verja styrknum og skulu eftirtalin gögn og upplýsingar fylgja umsóknum:

- a. uppmælingar, dagsettar og undirskrifaðar.
- b. ljósmyndir.
- c. upplýsingar um nánasta umhverfi t.d. sögulegar upplýsingar sem unnt er að afla, s.s. aldur mannvirkis, nöfn arkitekta, smíðs og eigenda fyrr og nú.
- e. greinargerð um framtíðarnotkun.
- f. greinargerð um fyrri breytingar sem kunnar eru.
- g. teikningar af breytingum ef ráðgerðar eru.
- h. kostnaðaráætlun um fyrirhugaðar framkvæmdir ásamt greinargerð um verktilhögun.

4. gr.

Húsfriðunarnefnd hefur eftirlit með að þær framkvæmdir sem hún styrkir séu viðunandi af hendi leystar. Varðar styrkmissi ef á slíkt brestur. Húsfriðunarnefnd skal hafa aðgang að kostnaðarreikningum í sambandi við framkvæmdir sem hún fjallar um. Einnig skal nefndin eða starfsmaður hennar eiga greiðan aðgang að vinnustað á meðan viðgerð fer fram.

5. gr.

Húsfriðunarnefnd skal láta menntamálaráðuneytinu, Þjóðminjaráði og Sambandi íslenskra sveitarfélaga í té yfirlit fyrir greiðslur úr sjóðnum fyrir lok hvers árs. Starfsskýrsla húsfriðunarnefndar og húsverndardeildar með yfirliti yfir úthlutanir úr húsfriðunarsjóði skal birt í ársskýrslu Þjóðminjaráðs.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 48. gr. þjóðminjalaga nr. 88/1989 og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 18. júlí 1990.

Svavar Gestsson.

Pórunn J. Hafstein.